

þ, 100 kr. sem styrkur handa Guðmundi Guðmundssyni frá Mýrum í Dýrafirði til að **89**
kosta sig á búnaðarskólanum að Steini í Noregi. 24. júlí.

Um leið og jeg hjer með samþykki þessar tillögur, læt jeg fylgja ávísun á 220 kr. til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins í þessu tilliti.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* **90**
hjó naskilnað. — Í þóknanlegu brjefi frá 19. þ. m. hafði þjer, herra amtmaður 29. júlí.
spurt, hvort vald það, er veitt var amtmönnum með tilsk. 21. desbr. 1831 I. 1. d. til að
leyfa algjörðan hjónaskilnað fyrir hjón, sem lifað hafa aðskilin að borði og sæng eptir
leyfisbrjefi amtsins um mínnst 3 ár, og bæði óska skilnaðarins, hafi verið skert með augl.
22. febr. f. á. um verksvið landshöfðingja, þar sem 17. gr. mælir svo fyrir, að landshöfð-
ingi skuli gefa út leyfisbrjef þau, sem nefnd eru í konungsúrskurði 25. maí 1844, 3., 4.
og 5. til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá DL. 3—16—8, og leyfisbrjef
til hjónaskilnaðar.

Fyrir þessa sök skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að þótt hin tilvitnuðu orð
sjeu ekki alveg ljós, verð jeg að vera á því, að það hafi ekki verið tilgangur hins nefnda
lagastáðar að breyta verksviði amtmanna, og að að eins myndugleiki sá til «ad mandatum» að
gefa út leyfisbrjef til algjörðs hjónaskilnaðar, sem áður heyrði undir ráðgjafann eða kan-
sellið, og getur um í 4. og 5. gr. konungsúrskurðar 25. maí 1844, nú hafi verið lagður
undir landshöfðingja. Amtmennirnir verða því framvegis eins og hingað til að veita
algjörðan hjónaskilnað, þegar bæði hjónin óskja hans eptir hinn lögboðna tíma. Ef þar
á móti algjörðs hjónaskilnaðar er beiðzt að eins af því, að annað hjónanna hefir verið
dæmt í hegningarvinnu í 3 ár eða lengur, eða ef annað hjónanna mótmælir skilnaðar-
leyfinu, þó þau hafi verið skilin að borði og sæng í 3 ár eða lengur, þer að leyta til
landshöfðingja um leyfið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hús-* **91**
mennskuleyfi. — Í þóknanlegu brjefi frá 2. þ. m. meðtók jeg álit herra amtmanns- 5. ágúst.
ins um bónarbrjef með 4 fylgiskjölum, þar sem Rögnvaldur Rögnvaldsson á Rauðará
fer fram á, að hann megi taka sjer fasta dvöl hjer í bænum, þrátt fyrir það, að fátækra-
stjórn bæjarins hafi synjað sjer um þetta. Hafði þjer getið þess að nefnd fátækra-
stjórn, hafi á síðari árum verið mjög treg á að veita utanbæjarmönnum húsmennskuleyfi, og að
hún hafi að yðar hyggju á stundum farið lengra í því tilliti en góðu hófi gegni, og ekki
nægilega gætt hins náttúrulega rjettar, sem hver maður með óflekkad mannorð hefir til að
leita sjer atvinnu þar sem hann vill, meðan hann verður ekki öðrum til þyngsla. Þó að þjer
með úrskurði frá 29. apríl þ.á., eptir að beiðandanum, sem fengið hafði húsmennskuleyfi um eitt
ár, hafði verið neitað um lengingu á þessu leyfi, hafði ekki fundið næga ástæðu til að ónýta þessa
ákvörðun fátækra-
stjórnarinnar, virðist yður samt, að hinar nýju skýringar sem komið hafi fram í
málinu, gjöri það sennilegt, að gjört hafi verið of mikið úr því, hve óálitlegur efnahagur
hlutaðeiganda væri. Þar að auki hafði þjer tekið fram, að það sje vafasamt, hvort það sje
löglegt, eins og gjört hefir verið í þessu máli að binda húsmennskuleyfið við víst tímabil,
og að sveitarstjórn varla samkvæmt tilskipun 26. maí 1863 geti vísað burt þeim manni,
er hún einusinni hefði leyft að gjörast húsmáður.

Fyrir þessa sök skal yður, herra amtmaður, tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir

91 hlutaðeigöndum, að jeg fellst á það, sem þjer eins og frá er skýrt, hafð tekið fram og
5. ágúst. ekki fæ sjeð, að beiðandanum að sinni eða meðan hann er ekki þurfandi sveitarstyrks verði
meinað að halda áfram dvöl sinni hjer í bænum, og skal því úrskurður amtsins á málinu
og sú ákvörðun fátækrastrjórnarinnar í Reykjavík, er hann staðfestir, hjer með felld úr gildi.

92 — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um innheimtingu á gjöld-*
2. septbr. *um af útlendum fiskiskipum.* — Utanríkisráðgjafinn hafði bent á, að hin
enska utanríkisstjórn hafði skýrt frá, að þá er heimtuð hefðu verið inn gjöld samkvæmt tilsk.
12. febr. 1872 af nokkrum enskum fiskiskipum, er leitað höfðu hafna í Sudurmúlasýslu í
fyrra, hefðu 3 skipseigendur lýst yfir því, að skipstjórar sínir hefðu ekki verið krafðir á Íslandi
um nefnt gjald. Fyrir því skoraði landshöfðingi samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland
á amtmenn að brýna fyrir öllum lögreglustjórum, sem eiga að hafa eptirlit með fiskiveið-
um útlendinga hjer við land, að þeim ber að svo miklu leyti sem mögulegt er sjálfum
að reyna að ná inn hinum lögboðnu gjöldum, og að þeir, ef þetta tekst ekki, og þeir
þykjast þurfa að leita aðstoðar utanríkisráðgjafa til að heimta gjöldin saman, eiga að út-
vega svo nákvæmar skýrslur, sem unnt er, um nöfn skipanna, merki þeirri, heimili
o. s. frv., svo að komizt verði hjá því, að ómaka útlend stjórnarvöld meir en nauðsynlegt er.

EMBÆTTISMENN SKIPAÐIR.

Hinn 14. dag ágústmánaðar þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa:
settan hjeraðslækni Þórð Guðmundsen til að vera hjeraðslækni í umdæmi því, sem nefnt
er 2. læknishjerað í lögum frá 15. október f. á. — Gullbringusýslu að undanskildu Garða prestakalli;

settan hjeraðslækni Pál J. Blöndal til að vera hjeraðslækni í 3. læknishjeraði — Borgar-
fjarðar- og Mýrasýslu;

settan hjeraðslækni Ólaf Sigvaldason til að vera hjeraðslækni í 7. læknishjeraði — Stranda-
sýslu og Garpdals- og Staðarprestaköllum í Barðastrandarsýslu, og ber honum þar að auki samkvæmt
3. gr. laganna frá 15. október f. á., að gegna fyrst um sinn hjeraðslæknisstörfunum í hinum parti Barða-
strandarsýslu að fráskilinni Flatey;

settan hjeraðslækni P. E. Júlíus Halldórsson til að vera hjeraðslækni í 8. læknishjer-
aði, — Húnavatnssýslu vestan Blöndu;

settan hjeraðslækni Boga Pjetursson til þess að vera hjeraðslækni í 9. læknishjeraði
— Húnavatnssýslu austan Blöndu og Skagafjarðarsýslu að fráskildum Fells, Barðs og Knappstaðapresta-
köllum, og ber honum samkvæmt 15. gr. laganna frá 15. oktbr. f. á. fyrst um sinn að gegna hjeraðslækni-
isstörfum einnig í þessum 3 prestaköllum;

kandidat Einar Guðjohnsen til að vera hjeraðslækni í 13. læknishjeraði, — Svalbarðs og
Sauðaness prestaköllum í Þingeyjarsýslu og Skeggjastaða og Hofs prestaköllum í Norðurmúlasýslu;

settan hjeraðslækni Þorvarð Kjervulf til að vera hjeraðslækni í 14. læknishjeraði — öðrum
prestaköllum Norðurmúlasýslu, og Vallaness og Hallormstaðarprestaköllum í Sudurmúlasýslu;

settan hjeraðslækni Sigurð Ólafsson til að vera hjeraðslækni í 17. læknishjeraði — Vest-
ur-Skaptafellssýslu, og hefir hann þar að auki 1. septbr. aflandshöfðingja verið settur til að gegna hjeraðslækni-
störfum í Árness og Rangárvallasýslum, þangað til búið er að skipa embættismenn í þessi læknishjeruð.

Hinn 27. dag júlímánaðar skipaði landshöfðingi prestinn að Stað í Grunnavík, sira Einar Vern-
harðsson, til að vera prest í Staðarprestakalli í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi með
þeirri 300 kr. uppbót, sem brauðinu er heitið úr landssjóði.

Hinn 1. dag septembermánaðar skipaði landshöfðingi kandidát Söfonías Halldórsson til
að vera prest í Goðdalaprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi;

sama dag var kandidát Jónas Bjarnarson skipaður til að vera prestur í Kviabekkspresta-
kalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi með þeirri 200 kr. uppbót, sem brauðinu er heitið úr landssjóði;

sama dag var kandidát Janus Jónsson skipaður prestur í Hestþingum í Borgarfjarðar-
prófastsdæmi.

ÓVEITT EMBÆTTI.

27. júlí. Staðarprestakall í Grunnavík, í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi, metið 499 kr. 16 a., auglýst

Melstaðarprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, metið 1754 kr. 4 aur., auglýst 2. septbr.; 3 presta-
ekkjur eru í brauðinu.